# Skuldbinding skipstjóra.

## 1. grein.

Jeg, sem hjer rita nafn mitt undir, N. N., heiti því, að verða skipstjóri næstkomandi vertíð á skipinu N. N., sem fara skal til hákarlaveiða hjer við land, og skal jeg vera kominn til skips með mat minn og farangur á þeim tíma, sem jeg og útgjörðarmenn hafa um samið, til að sjá um framsetning skipsins, koma fyrir seglum og reiða og annast um að allt sje í rjettri skipun, enda hverfa eigi síðan frá skipinu án leyfis útgjörðarmanna, fyr en vertíð er lokið og búið að setja skipið og ræsta, leysa af segl og reiða og skila öllu, sem því fylgdi, nema svo sje, að jeg geti sannað, að jeg hafi neyðst til að skilja við skipið, til að bjarga lífi minu og háseta. Jeg skal og gæta þess, að allir hásetar ræki skyldur sínar við skipið, bæði á sjó og landi, eptir því, sem þeir skuldbinda sig til í hásetaskránni, og leiðbeina þeim góðfúslega, sje eitthvert það verk, er þeir ekki kunna til. En ef einhver sýnir mótþróa og neitar að gegna sanngjörnum

skipunum mínum, eda er svo ölvadur, ad hann er ekki til þess fær, þá skal jeg gjöra honum alvarlega áminning, og gjöri hinn sami sig optar sekan, þá reka hann burt af skipinu, þegar heim kemur. Enn heiti jeg og því, ad stunda þrifnad og reglusemi og hvetja háseta og halda þeim til hins sama.

## 2 grein.

Þegar jeg verd ad leita lands vegna óvedurs, íss edur annara brýnna naudsynja, þá lofa jeg ad liggja þar aldrei lengur, en þörf er til, og ætíd velja hina beztu höfn, sem mjer er unnt ad ná, enda stunda í hvívetna veidiskapinn sem bezt, og sjá skipi og skipverjum vel borgid

## 3. grein.

Ef skipid brýtur vid land, og komist jeg lífs af, skal jeg af ítrasta megni bjarga af því svo miklu, sem audid er, og eigi hverfa frá, fyrri en jeg hef komid því í vardveizlu á óhultum stad.

## 4. grein.

Eigi skal jeg ráða fleiri hásetu á skip eður aðra, en útgjörðarmenn leyfa, og láta þá sitja fyrir 4. skiprúmum, ef þeir hafa fullgilda menn í boði

## 5. grein.

Hafi jeg lofað háseta skiprúmi og bregð því við hann án fullra orsaka frá hans hálfu, skal jeg greiða honum af mínu fje hálfan hlut um þann tíma, sem hann var ráðinn á skipið. Þó skal loforðið ómerkt, ef hann eigi hefur ritað nafn sitt á hásetaskrána.

## 6. grein.

Þegar skip er komið á flot og útgjörðarmenn hafa afhent mjer skrá yfir allt það, er skipinu fylgir, skal jeg taka það

í umsjá og gæta vel til meðan vertíð stendur. Ef eitthvað misferst, skal jeg gjöra grein á, hvað til hafi borið, og hafi það orðið fyrir vangá eða handvömm einhvers skipverja, þá skal jeg bæta útgerðarmönnum það fullu verði, en eiga sjálfur aðgang að þeim, er hlutnum glataði:

## 7. grein.

Þegar skipið er komið á flot, tek jeg til að rita í löggilda dagbók, þá er ábyrgðarfjelagið leggur til, allt hið markverðasta, sem við ber, svo sem vind og veðurbreytingar, í hvaða átt skipið siglir, dýpt á ýmsum miðum, hvar skipið er, að svo miklu leyti sem unnt er að vita, hve mikið aflast og hvernig skipverjar hegða sjer. Þetta skal jeg gjöra á hverjum degi og það svo grandvarlega, að jeg geti unnið eið að, ef krafizt verður, en afhenda síðan útgerðarmönnum dagbókina, þá er jeg skil við skipið.

## 8. grein.

Velja skal jeg einn háseta, þann er jeg álít bezt til fallinn, til að stjórna annari vökunni og til að hafa umsjón á skipinu upp á mína ábyrgð og minn kostnað þegar mig ber frá, enda vanda um við hann, að hann láti allt fara sem skipulegast fram, þá er hann heldur vörð. Jeg skal og áminna háseta, að þeir sjeu styrimanni hlýðnir og eptirlátir, einsog sjálfum mjer. Þegar skipið liggur við land, skulum við aldrei fara frá því báðir í senn, og gæta þess, að ætíð sje á skipinu að minnsta kosti helmingur skipverja.

## 9. grein.

Standi jeg óaðfinnanlega í stöðu minni, áskil jeg mjer einn hlut af afla skipsins fyrir skipstjórnina, og annan sem hver skipverja. En skyldi jeg gjöra mig sekan í ofdrykkju, eða óreglu og hirðuleysi, svo eigendur eða hásetar geti sannað, að skaði hafi af hlotizt á skipi eða afla, þá undirgengst jeg, að sleppa tilkalli til hálfs skipstjórnarhlutsins í þeirri ferðinni, er mjer yfir sást, og skal þeim hálfa hlut skipt sem öðrum afla skipsins, en jeg að því búnu ekki eiga heimting á að hafa skipstjórn lengur á hendi nema eigendur vilji.

## 10. grein.

Bregdi jeg að forfallalausu loforð mitt að stjórna skipinu, þá heiti jeg að gjalda 100–200 r.d. gabbsbætur, eptir því sem óvilhallir menn meta. Komi jeg seinna til skips en í ákveðinn tíma án gildra orsaka, þá skal jeg bæta það 20–50 r.d. En fari jeg af skipinu án leyfis útgjörðarmanna og að nauðsynjalausu, áður vertíð er lokið, undir gengst jeg að skila aptur skipstjórnarhlut úr þeim ferðum, sem skipið þegar hefur farið, ef hluturinn nemur 50 r.d. eður meiru, en sje hann eigi svo mikill, þá að fylla það, sem til vantar. Þó skal jeg, þá er jeg ætla aflavon lokið, en mjer og útgjörðarmönnum eigi kemur ásamt um, hvort lengur skuli halda skipinu til veiða, ellegar ekki, mega leggja það mál í gjörð tveggja manna, er vjer kjósum sinn hvorir. En ef útgjörðarmenn bregða loforð sitt við mig og varna mjer að vera fyrir skipinu án fullra orsaka, þá áskil jeg, að þeir greiði mjer tvo hluti af afla skipsins alla vertíðina. Verði skipinu eigi haldið út jafnlengi og öðrum skipum, skulu þeir að auk gjalda mjer 30–50 r.d. eptir samkomulagi eður gjörð óvilhallra manna.

## 11. grein.

Þó má eigi herma loforð upp á aðrahvora, nema svo sje að hvorirtveggja hafi ritað nöfn sín undir tvö þessi skilmálabrjef, er útgjörðarmenn hafa annað og hitt skipstjórar.